


# AFREKSSTEFNA BFSÍ 2021-2029



## Inngangur

Á árinu 2020 voru 11 aðildarfélög í 10 íþróttahéruðum með tæplega 750 skráða iðkendur sem iðka bogfimi innan vébanda BFSÍ. Margir til viðbótar stunda einnig bogfimi utan aðildarfélaganna BFSÍ til heilsueflingar eða gamans.

Í bogfimi er keppt í fjölbreyttum íþróttagreinum og eru því nokkur EM og HM á ári hverju.

Markbogfimi er stærsta íþróttagreinin innan heimssambandsins og þegar talað er um bogfimi er oftast átt við markbogfimi. Markbogfimi skiptist í tvær megin greinar innandyrna og utandyra. Keppt er í tveim megin bogaflokkum, trissuboga og sveigboga. Mikilvægustu mót í markbogfimi eru nánast öll utandyra þar sem skotið er á 50 og 70 metra færi og keppt er í markbogfimi á Ólympíuleikum og Evrópuleikum á þeim vegalengdum.

Næst stærsta íþróttagreinin er víðavangsbogfimi. Þar er keppt í 3 megin bogaflokkum, berboga, sveigboga og trissuboga. Keppt er á 5-60 metrum á þekktum og óþekktum vegalengdum í breytilegu landslagi. Keppt er m.a. í víðavangsbogfimi á heimsleikum.

Aðrar greinar innan bogfimi eru meðal annars 3D-, hlaupa-, skíða-, clout-, hesta-, japanskri-, bardaga- og vegalengdabogfimi. En þær íþróttagreinar eru flestar minni og verður ekki fjallað um þær í afreksstefnu BFSÍ að svo stöddu.

Bogfimi hefur verið stunduð í einu eða öðru formi í alla vega 64.000 ár<sup>1</sup> og hefur verið stunduð á Íslandi allt frá landnámi. Ördrag eða örskotshelgi voru meðal annars notaðar sem mælieiningar í fyrstu lagabókum Íslands fyrir um þúsund árum.

Á Ólympíuleikum var fyrst keppt í bogfimi í annað sinn sem leikarnir voru haldnir árið 1900. En bogfimi var tekin út af leikunum eftir 1920 leikana sökum þess að keppnisreglur um bogfimi voru ekki samræmdar milli þjóða og ekkert heimssamband var til fyrir íþróttina.<sup>2</sup> Fyrstu íþróttafélög á Íslandi byrjuðu að stunda bogfimi í núverandi formi íþróttarinnar stuttu eftir að bogfimi var tekin aftur inn á Ólympíuleikana árið 1972. Bogfimi er nú ein af kjarnagreinum Ólympíuleikana.<sup>3</sup>

Megin vöxtur og útbreiðsla bogfimi sem keppnisíþróttagrein á Íslandi hófst 2013<sup>4</sup> með opnun sérhæfðrar bogfimiaðstöðu sem opin var almenningi. Þá varð íþróttin mun aðgengilegri og sprenging varð í fjölda iðkenda og íþróttafélaga.

Íslandsmót í markbogfimi utandyra og innandyrna eru haldin árlega. Haldin eru sér mót fyrir opinn flokk, ungmenni og öldunga. Mótunum er aldurskipt í ungmennaflokka (U16, U18, U21), opinn flokk og 50+ og er aldur keppenda frá 10 til 80 ára.

Reglubundin þátttaka Íslands í bogfimi á alþjóðavettvangi hófst 2014 þar sem Ísland komst einnig í fyrsta sinn í úrslit HM.<sup>4</sup> Ísland komst í fyrsta sinn í úrslit á EM árið 2016 í heimabæ Hróa Hattar Nottingham. Íslenskt afreksfólk vann einnig reglulega til verðlauna í B og C landsliðsverkefnum í liða og einstaklingsgreinum og náðu hátt á Evrópu- og heimslista á síðasta áratug.<sup>5,6,7</sup>

<sup>1</sup> <https://www.sciencealert.com/sri-lankan-rainforest-holds-earliest-evidence-for-bow-and-arrow-hunting-outside-of-africa#:~:text=Currently%2C%20the%20oldest%20evidence%20for,not%20more%20than%2018%2C000%20years>

<sup>2</sup> <https://worldarchery.org/archery-olympic-games>

<sup>3</sup> <https://www.olympic.org/news/loc-session-approves-25-core-sports-for-2020-games>

<sup>4</sup> <https://www.visir.is/ga/2014/14/0309/16/fu-niunda-saeti-a-heimsmestaramoti-i-bogfimi>

<sup>5</sup> <https://www.mbl.is/sport/frettir/2017/05/31/allar-sveitir-Islands-skjota-til-verdlauna/>

<sup>6</sup> <https://www.mbl.is/sport/fotbolti/2019/10/03/ruibjorg-i-undanurslit-thratt-fyrir-meiddi/>

<sup>7</sup> <https://www.ruv.is/frettr/2vaer-a-topp-100-a-hmi-i-bogfimi>

Aðeins eru gefin stig á heims- og Evrópulista til ~~einstaklinga~~íþróttafólks/liða sem komast í lokakeppni alþjóðlegra stórmóta í opnum flokki og því mikilvægt að taka þátt í þeim til að bæta stöðu og ásjýnd Íslands.

### Gerð, stjórnun og framkvæmd stefnunnar

Afreksstefnan er gerð af íþróttastjóra BFSÍ í samstarfi við stjórn og framkvæmdastjóra BFSÍ. Afreksstefnan er endurskoðuð reglulega, eigi síðar en á haust mánuðum ári fyrir bogfimiþing og er hún ávallt borin undir hreyfinguna á næsta formannafundi eða bogfimiþingi til samþykktar. Afreksstefna sem er samþykkt á þingum skal birta á heimasíðu BFSÍ.

Samantekt af helstu hlutverkum aðila.

#### Hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra BFSÍ í framkvæmd ~~afreksstefnunnar~~afreksstefnu BFSÍ.

- Sjá um fjármögnun afreksstefnunnar.
- Styðja við íþróttastjóra í sínum störfum.
- Styðja við félög í uppbyggingu, útbreiðslu, fjölgun iðkenda, aðildarfélaga, þjálfara og dómara.
- Efla samskipti við aðildafélög og kynna fyrir þeim afreksstefnu BFSÍ.
- Efla vistkerfi viðburða sem haldnir eru innanlands.

#### Hlutverk íþróttastjóra.

- Sér um erlent og innlent afreksstarf og skipulag fyrir BFSÍ.
- Sér um innlent mótaskipulag.
- Skipuleggur þjálfun hópa.
- Íþróttastjóri skal hafa að lágmarki:
  - BFSÍ/WA stig 3 þjálfunarréttindi
  - Landsdómararéttindi stig 2

#### Hlutverk þjálfara sem koma að hæfileikamótun, þjálfun hópa eða landsliðsverkefnum A/B.

- Skipuleggja þjálfun ~~einstaklinga~~íþróttafólks og/eða hópa/liða sem þeir hafa umsjón með.
- Efla eiginleika og getu íþróttafólks~~einstaklinga/liða~~, s.s. í formi, tækni og þekkingu.
- Fylgjast með og standa vörð um andlega og líkamlega heilsu íþróttafólks.
- Að þróa ~~einstaklinga~~íþróttafólk í ungmennalandslið framtíðar.
- Æskilegt er að þeir þjálfarar hafi að a.m.k.:
  - BFSÍ/WA stig 2 þjálfunarréttindi.

#### Hlutverk aðildarfélaga í ~~afreksstefnu~~Afreksstefnu BFSÍ.

- Fjölga iðkendum, viðburðum, dómurum og þjálfurum innan félagsins.
- Bæta aðstöðu til iðkunar innan félagsins fyrir iðkendur.
- Hvetja sína iðkendur til þátttöku í verkefnum BFSÍ.
- Kynna afreksstefnu ~~BFSÍna~~ fyrir sínum félagsmönnum.
- Styðja við félagsmenn sína fjárhagslega í landsliðsverkefnum.
- Að útvega fararstjóra og þjálfara fyrir sitt íþróttafólk í C landsliðsverkefnum á vegum BFSÍ með ótakmörkuðum kvóta (t.d. NUM).

## Afrek og hópar

Skilgreining á verkefnum

**A landsliðsverkefni:** Heimsmeistaramót (HM) / Evrópumeistaramót (EM) / Evrópuleikar (EL) / Ólympíuleikar (ÓL) / Heimsleikar (HL) / Úrslitamót heimsmótaraða (World Cup Final og World Series Final).

**B landsliðsverkefni:** Heimsmeistaramót Ungmenna (HMU) / Evrópumeistaramót Ungmenna (EMU) / Evrópubíkastmót Ungmenna (EBU) / Ólympíuleikar Ungmenna (ÓLU) / Heimsbíkarmót (HB) / Evrópubíkastmót (EB) / Norðurlandameistaramót (NM) / Smáþjóðaleikar (GSSE) / Undankeppnismót ÓL/EL/HL.

**C landsliðsverkefni:** Norðurlandameistaramót Ungmenna (NUM) / Heimsleikar framhaldsskóla og háskóla (Gymnasiade – Universiade) / Heimsmeistaramót-, Evrópuleikar- og Heimsleikar Öldunga / og Önnur heimslista mót fullorðinna (s.s. Veronicas Cup, Emerald Isle Cup, Asia Cup mótaraðin, Pan American mótaraðin, Indoor World Series mótaraðin)

**D verkefni:** Íslensk stór mót (s.s. Íslandsmeistaramót opin flokkur)

Skilgreiningin á afreku

**Afreksfólk/Afrekilið - á heimsmeilivaraða:**

Íþróttafólk/einstaklingar/lið sem vinna úr þátttökurétt á ÓL, EL eða HL. Íþróttafólk/einstaklingar/lið í úrslitum á HM/EM/heimsmótaraða. Íþróttafólk-og-einstaklingar sem eru í efstu 50 sætum á heimslista. Lið sem eru í efstu 16 sætum á heimslista.

**Afreksfólk/Afrekilið:**

Einstaklingar-Íþróttafólk sem uppfylla skilyrði til þess að geta unnið þátttökurétt á ÓL, EL eða HL. Íþróttafólk/einstaklingar/lið sem eru í topp 50% á heimslista. Íþróttafólk/einstaklingar/lið sem eru í topp 50% sæta í A landsliðsverkefnum á HM eða EM.

**Afreksefni/Afrekilið ungmenna:**

Íþróttafólk/einstaklingar/lið sem eru í topp 50% sæta úrslitum HM-, EM- eða Evrópubíkastmótum ungmenna.

**Annað**

Úrslit eru skilgreind sem 16 efstu- í niðurstöðum móts (áttundar úrslit) einstaklingar eða lið. Lokakeppni- utandyra er skilgreind sem þeir sem halda áfram í útsláttarkeppni eftir undankeppni móts (s.s. efstu 128, 104, 64, 32, 24 eftir reglum hverrar íþróttgreinar/keppnisgreinar/móts um ræðir) einstaklingar og efstu 24 lið. Innandyra er lokakeppni skilgreind sem efstu 32 einstaklingar og 16 lið. Stig á heimslista eru aðeins gefin þeim keppendum eða liðum sem komast í lokakeppni alþjóðlegra stórmóta utandyra í opnum flokki.

Viðmiðið er að einstaklingur/íþróttamaður/lið hafi náð viðeigandi viðmiði fyrir afreksfólk/afreksefni á síðustu 4 árum, en virkni/staða allra er endurskoðuð árlega.

Bogfimiíþróttir eru flokkaðar sem einstaklingsíþróttir innan ÍSÍ. Árangur liða í einstaklingsíþróttum er flokkað sem árangur þess íþróttafólks sem liðið samanstóð af. Miðað er við hæstu niðurstöðu viðkomandi í hverju tilfalli (óháð íþróttgrein, keppnisgrein, liðakeppni eða einstaklingskeppni).

Val í hópa

**Landslið/ungmennalandslið.**

Íþróttastjóri velur í landslið/ungmennalandslið og landsliðsverkefni í samræmi við reglugerðir BFSÍ.

**Hæfileikamótun.**

Íþróttastjóri velur árlega einstaklinga-íþróttafólk í hæfileikamótun BFSÍ úr meðmælum aðildarfélaga.

**Commented [A11]:** Frekari skilgreiningar á landsliðsverkefnum í samræmi við skýrslu til ÍSÍ um „Skilgreiningar sérsambanda 2022“. Úrslit heimsmótaraða eru líklega erfiðustu landsliðsverkefni í íþróttinni t.d. eru að hámarki 16 sem vinna sér þátttökurétt í úrslitamótið eftir niðurstöður Indoor World Series og Outdoor World Cup mótaraðunum og falla því vel að A landsliðsverkefnum.

**Commented [A12]:** Skilgreining á liðum fjarlægð úr sameiginlegum skilgreiningum BFSÍ/ÍSÍ. Þar sem að bogfimi er skilgreind sem einstaklingsíþróttgrein þá er árangur liða, árangur einstaklingana sem liðið stendur saman af.

**Commented [A13]:** Orðlag um skilgreiningu á úrslitum og lokakeppni sem passar betur við nýlegar breytingar á reglum heimssambandsins og getur staðið lengur óbreytt m.v. mögulegar breytingar í framtíðinni.

**Commented [A14]:** Viðbót til að skýra fyrir íþróttafólki í bogfimiíþróttum í samræmi við viðmið ÍSÍ um einstaklingsíþróttir að árangur liða er árangur einstaklinga sem liðið stendur saman af. S.s. Evrópumeistari í liðakeppni er = Evrópumeistari í einstaklingskeppni og telst til árangur einstaklingsins tengt skilgreiningu á afreku liða í einstaklingsíþróttum

~~Valið er miðað við þörf í stöður framtíðar ungmennalandsliðs. Áhersla í hæfileikamótun er sett á íþróttafólkeinstaklinga sem eru 13-17 ára (U18).~~

**Commented [A15]:** Óþarfi er að leita eftir meðmælum íþróttafélaga, þar sem mögulegt er að meta íþróttafólk út frá árangri, stöðu og þátttöku þeirra í innlendum mótum. Val miðað við þörf í stöður tekið út svo að mögulegt sé að einbeita sér að uppbyggingu ákveðinna íþróttgreina/keppnisgreina (s.s. trissuboga kvenna), þar sem ólíklegt er að fjármagn verði nægilegt til þess að byggja allar íþróttgreinar/keppnisgreinar upp á sama tíma, þar sem þær eru of margar. Samsagt í stuttu máli meira svigrúm gefið.

## Almenn þátttaka

Fjöldi iðkenda innan aðildarfélaga hefur verið á mikilli uppleið á síðasta áratug og markmið BFSÍ að stuðla að því að sú aukning muni halda áfram á tímabili stefnunnar. Heildar umfang íþróttarinnar er þó áætlað mun stærra, áætlað er að þúsundir manna iðki bogfimi reglulega sem heilsuefningu og til gamans utan aðildarfélaga BFSÍ. Mikilvægt er að gera BFSÍ og aðildarfélög þess aðlaðandi fyrir einstaklinga í grasrótinni til þess að gerast aðilar að aðildarfélögum innan BFSÍ, s.s. með viðburðum sem eru sérstaklega miðaðir á grassrótina. Þá myndast einnig möguleiki á því að stýra fleiri aðilum í átt að afreksvegi og sýnir réttari mynd af umfangi íþróttarinnar.

Iðkendur aðildarfélaga byrja almennt að tengjast BFSÍ á aldrinum 10 til 20 ára með þátttöku í fjarviðburðum á vegum BFSÍ og/eða með þátttöku á Íslandsmótum ungmenna í U16, U18 eða U21 aldursflokki. Undirstaða að sterkum landsliðum framtíðar er sterkt ungmenna starf innan aðildarfélaga. Hæfileikamótun BFSÍ samanstendur af hópa- og einstaklingsverkefnum til að stuðla að fleiri ungmenni aðildarfélaga nái viðmiðum fyrir ungmennalandslið framtíðar. Efsta getustig íþróttarinnar er opin flokkur á Íslandsmeistaramótum. Þátttaka á efsta getustigi íþróttarinnar hefur almennt fylgt fjölda skráðra iðkenda og er um 5-10% skráðra iðkenda.

Mikilvægt er að BFSÍ stuðli að fjölgun iðkenda, keppenda, aðildarfélaga og bogfimivalla, í þeim tilgangi að auka tækifæri til þátttöku í bogfimiíþróttum. Ásamt því að stuðla að afreksstarfi ungmenna innan aðildarfélaga BFSÍ.

## Dómgæsla

Í dómgæslu fer BFSÍ eftir viðmiðum Evrópu- (WAE) og heimssambandsins (WA)

Hlutverk BFSÍ er að stuðla að fjölgun landsdómara og efnilegra alþjóðlegra dómara með því að tryggja að nauðsynleg dómaramenntun sé reglulega í boði fyrir öll dómara stig. Staða dómara á Íslandi er metin árlega og haldið er um lista yfir dómara með virk réttindi á vefsíðu BFSÍ. Landsdómarar þurfa að hafa langa starfsreynslu áður en þeim er heimilt að sitja námskeið og próf til þess að sinna dómgæslu fyrir WAE/WA og teljast alþjóðlegir dómarar. Alþjóðlegir dómarar þarfnast endurmenntunar á tveggja til fjögurra ára fresti og má hver þjóð að hámarki eiga níu alþjóðlega dómara með virk réttindi.

Stefnt verður að því á tímabili stefnunnar að halda árleg landsdómaranámskeið og próf, og að fjölga alþjóðlegum dómurum úr einum í tvo.

## Þjálfun

Í þjálfun fer BFSÍ eftir viðmiðum heimssambandsins (WA) og Íþróttá og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ)

BFSÍ notfærir sér þjálfaramenntun WA fyrir sérsambandshluta sem er framkvæmd í samstarfi við landssambönd. Þjálfaramenntun ÍSÍ er almenni hluti þjálfaramenntunar og enginn telst hafa lokið þjálfarastigi fyrr en báðum hlutum er lokið á hverju stigi. Hlutverk BFSÍ er að tryggja að nauðsynleg þjálfaramenntun sé reglulega í boði fyrir öll þjálfarastig og stuðla að fjölgun þjálfarakennara á Íslandi. BFSÍ mun standa fyrir námskeiðum fyrir þjálfarastig 1 og 2, og aðstoða áhugasama þjálfara sem hafa náð kröfum að komast á stig 3 erlendis. Staða þjálfara á Íslandi er metin árlega og er lista yfir **starfandi** þjálfara með virk réttindi viðhaldið á vefsíðu sambandsins. Endurmenntun afreksþjálfara (stig 3) er gerð eftir tilmælum heims- og Evrópusambandsins á tilfallandi námskeiðum/verkefnum á vegum þeirra. Þjálfarar í verkefnum á vegum BFSÍ skulu hafa lokið viðeigandi þjálfaramenntun.

Stefnt verður að því á tímabili stefnunnar að bjóða árlega upp þjálfaranámskeið og próf, og að allir virkir þjálfarar hafi lokið bæði almenna hluta ÍSÍ og sérgreinahluta BFSÍ/WA.

## Afrestsstarf

Megin markmið með skipulögðu afrestsstarfi BFSÍ er að afrestsfólk og lið BFSÍ skipi sér í sess með þeim bestu í heiminum hverju sinni. BFSÍ mun stilla verkefnum upp þannig að þau hámarki bæði árangur og þátttöku landsliða BFSÍ. Til þess að svo megi verða þarf BFSÍ að haga afrestsstarfi sínu með faglegri umgjörð s.s.

- Setja og viðhalda skýrum reglum um val á þátttakendum í landslið og landsliðsverkefni
- Undirbúa landsliðsverkefni vandlega, skipulega og tímanlega.
- Veita hópum og öðrum hlutaðeigandi ítarlegar, nytsamar og tímanlegar upplýsingar.
- Sjá til þess að aðstaða sé eins góð og best verður á kosið og að til staðar sé viðeigandi búnaður.
- Skipa nægilegan fjölda fararstjóra.
- Ráða viðeigandi fjölda hæfra þjálfara.
- Veita afrestsmönnum þá stoðþjónustu sem þeir þurfa, s.s. heilbrigðisteymi o.fl.

**Einstaklingar-Íþróttafólk** í hópum BFSÍ skila mánaðarlega upplýsingum um ástundun og æfingarmagn, ásamt viðeigandi mælikvörðum o.fl. til almennrar eftirfylgni og viðhalds.

Ungmennni hefja almennt þátttöku í afrestsstarfi BFSÍ í samstarfi við aðildarfélagin á **Norðurlandameistaramóti** ungmenna (NUM) á aldrinum 13-20 ára í U16, U18 eða U21 flokkum. BFSÍ kemur að þjálfun ungmenna þegar þau eru skilgreind í U18 eða U21 B landsliðsverkefni eða í hæfileikamótun BFSÍ.

## Heilbrigðisteymi

Hlutverk heilbrigðisteymis BFSÍ er að miklu leyti að fyrirbyggja og meðhöndla meiðsli íþróttafólks í **starfi BFSÍ** og stuðla að heilbrigðu/ábyrgu lífverni. Heilbrigðisteymi BFSÍ skal innihalda a.m.k.:

**Sjúkraþjálfara:** Þeir fylgjast með stöðu íþróttamanna í hópum BFSÍ til að fyrirbyggja og taka á meiðslum og viðhaldi líkamsbyggingar. Er þar meðal annars að ræða fyrirbyggjandi æfingar, viðbrögð við slysum og meðferðir vegna meiðsla. Meðferð er sniðin að hverjum íþróttamanni fyrir sig eftir þörfum hvers og eins.

**Íþróttasálfræðing:** Íþróttasálfræði er kynnt fyrir hópum BFSÍ með árlegum fyrirlestri. Íþróttasálfræðingur heldur fyrirlestur a.m.k. einu sinni á hverju fjögurra ára Ólympíutímabili þar sem helstu atriði íþróttasálfræði eru kynnt. Íþróttafólk **Einstaklingar** í landsliðum eru sendir í stendur til boða að fá einstaklingsbundna tíma með íþróttasálfræðingi a meðferð eftir þörfum. Andleg þjálfun og undirbúningur er mikilvæg á efstu stigum íþróttarinnar. **Einnig** er mikilvægt að kynna íþróttasálfræði snemma fyrir íþróttafólki í **hæfileikamótun og ungmennalandsliðum**.

**Næringarfræðing:** Næringarfræðingur heldur fyrirlestur **árlega a.m.k. einu sinni á hverju fjögurra ára Ólympíutímabili fyrir hópum BFSÍ** þar sem helstu atriði næringar og mataræðis íþróttafólks er kynnt. Íþróttafólki í landsliðum stendur til boða að fá-**ög einstaklingsbundna tíma með næringarfræðingi** eftir þörfum hvers íþróttamanns og er til taks fyrir BFSÍ.

Þar sem mögulegt verður mun fagaðili fylgja landsliði í **þátttökumestu A landsliðsverkefni en á** erlendum mótum verður **notast að mestu leitast eftir samstarfi** við heilbrigðisteymi mótshaldara, **samstarfsþjóða** og/eða heimaliðs. Á Íslandi hefur BFSÍ einnig greiðan aðgang að íslenska heilbrigðiskerfinu þar sem hægt er að leita til sérfræðilækna með stuttum fyrirvara.

Markmið BFSÍ er að bjóða landsliðum BFSÍ stoðþjónustu í hæsta gæðaflokki í tengslum við þjálfun og keppni þeirra.

## Afreksstefna ~~B~~ogfimisambands Íslands (BFSÍ)

**Commented [A16]:** Áherslubreyting frá hópafyrirlestrum yfir í einstaklingsbundna stoðþjónustu og stoðþjónustu erlendis í landsliðsverkefnum. Áætlað er að halda hópafyrirlestrum áfram en með lægri tíðni svo að þeir skili meiri árangri og þátttöku. Markmiðið er að þjónustan sem boðið sé upp á sé þjónusta sem íþróttafólkið telur sig þurfa og notfærir sér.



## Aðstaða og búnaður

BFSÍ reynir að nota bestu bogfimiaðstöðu sem er fyrir hendi fyrir afreksstarf sambandsins. Meirihluti afreksstarfs BFSÍ mun fara fram í aðstöðu sem er á höfuðborgarsvæðinu.

Mögulegt er að stunda bogfimi í flestum íþróttasölum landsins innandyrna og á flestum íþróttavöllum utandyra. Víðavangsbogfimi er hægt að stunda hvar sem öryggi leyfir óháð landslagi. Því ættu ekki að vera mikil vandkvæði við uppbyggingu aðstöðumála fyrir núverandi og ný íþróttafélög tengt svæðum fyrir venjulega iðkendur. Þó hefur reynst erfitt fyrir félög að fá tíma á íþróttasvæðum og tímafrekt er að setja upp og taka niður bogfimisvæði til æfinga vegna búnaðar og öryggis. Því væri æskilegt að fá sér skilgreind svæði til iðkunar bogfimi.

Þó að aðgengi að aðstöðu um landið fyrir venjulega iðkendur sé möguleg, er vöntun hjá flestum aðildarfélögum á búnaði til þess að geta stundað íþróttina og byggja upp iðkenda-fjölda. Ásamt því er skortur á betri búnaði til að geta byggt upp afreksstarf innan félaga. Góður búnaður til þess að koma yngri iðkendum á hærri stig íþróttarinnar alþjóðlega er dýr og þarf að skipta honum reglulega út eftir framförum. Það er oft ljón í veginum fyrir því að koma fleiri iðkendum í ungmenna-landslíð og hærra.

BFSÍ stefnir að því á tímabili stefnunnar að styðja við aðildarfélögin í að skapa og þróa æfingar/keppnisaðstöðu og bæta framboð á búnaði innan aðildarfélagana.

Langtímamarkmið BFSÍ er að landslíð hafi aðgang að þjóðarleikvangi þar sem hægt er að æfa á öllum helstu keppnisvegalengdum og halda alþjóðleg mót. Erfitt er fyrir sambandið að gera sér grein fyrir hvenær þetta getur orðið, en ólíklegt þykir að það verði að veruleika á tímabili þessarar stefnu.

## Fjármögnun

Fjárhagsáætlun er gerð til tveggja ára í senn af framkvæmdastjóra, íþróttastjóra, gjaldkera og formanni BFSÍ. Hún er lögð fyrir stjórn og að lokum fyrir bogfimiþing BFSÍ annað hvert ár.

Hluti af fjármögnun afreksstarfs kemur frá styrkjum frá Afrekssjóð ÍSÍ og að hluta frá ÍSÍ í gegnum lottótekjur og ríkisstyrki. Styrktaraðilar BFSÍ spila einnig mikilvægt hlutverk í rekstri afreksstarfsins, en stærsti hluti kostnaðar afreksstarfs liggur á íþróttafólkinu sjálfu.

Skammtímamarkmið fjármögnunar er að styrkja landslíð BFSÍ með því að festa upphæðir fyrir helstu A og B landslíðsverkefni þar afreksfólk og/eða lið eiga mesta möguleika á árangri, í stað þess að keppendur þurfi að borga allan þann kostnað sem til fellur. Lögð verður mest áhersla á að fjármagna lið sem líklegt telst að komist í úrslit A landslíðsverkefna og afreksfólk sem keppir um þátttökurétt á ÓL, EL og HL.

Langtímamarkmið BFSÍ er að kostnaður við þátttöku í A og B landslíðsverkefnum verði þeim keppendum að kostnaðarlausu. Þessu markmiði skal reyna að ná á gildistíma stefnunnar.

Helstu leiðir til að ná þeim markmiðum eru meðal annars:

1. Að styðja við aðildarfélög að nýta styrkjamöguleika íþróttahéraða og bæjarfélaga vegna afreksíþróttafólks innan þeirra vébanda.
2. Að halda viðburði sem eru sérstaklega gerðir til að fjármagna ferðir landslíða.
3. Að sækja um styrki í Afrekssjóð ÍSÍ.
4. Að efla samstarf við styrktaraðila.

### Skammtíamarkmið

Innan fjögurra ára eru lykilmarmkið afrests stefnu BFSÍ að:

#### Almennt:

- Iðkendum í ungmenna flokkum fjölgi um a.m.k. 5% á hverju ári.
- Keppendum á Íslandsmótum fjölgi um a.m.k. 5% á hverju ári.
- Fjárfesta í búnaði sem þarf til þess að geta haldið stór alþjóðleg mót fyrir lok 2024.
- Þjóða upp á dómara- og þjálfaranámskeið árlega fyrir lok 2022.
- BFSÍ eigi a.m.k. 2 alþjóðlega dómara fyrir lok 2024.
- Gera ætlun um stoðþjónustu sem er í boði fyrir afrestsfólk fyrir lok 2022.

#### Afrestsstarf

- ~~Þjóða landsliðum og afrestsfólki BFSÍ upp á eins faglega og heildstæða keppnidagsskrá á ársgrundvelli, eins og mögulegt er hverju sinni, þar sem leitast er við að lágmarka tilkostnað fyrir afrestsfólkið sjálf.~~
- BFSÍ eigi a.m.k. 3 keppendur (eða 1 lið) í úrslitum A landsliðsverkefna-EM árlega fyrir lok 2024<sup>5</sup>.
- ~~BFSÍ eigi a.m.k. 3 keppendur í lokakeppni HM fyrir 2025.~~
- BFSÍ eigi a.m.k. 1 keppanda á Evrópuleikum 2023.
- BFSÍ eigi a.m.k. 1 keppanda meðal 100 efstu á heimsslista fyrir lok 2023.
- BFSÍ eigi a.m.k. 4 keppendur í lokakeppni um þátttökurétt á Ólympíuleika 2024.

#### Afrestsstarf ungmenna

- Keppendum á NUM fjölgi um a.m.k. 5% á hverju ári.
- BFSÍ eigi a.m.k. 3 keppendur (eða 1 lið) í verðlaunasætum Evrópubikarmótum ungmenna fyrir lok 2023.
- BFSÍ eigi a.m.k. 5 keppendur (eða 2 lið) í úrslitum EM/HM ungmenna fyrir lok 2023<sup>2</sup>.
- ~~BFSÍ eigi a.m.k. 1 lið í úrslitum HM ungmenna fyrir lok 2023.~~

### Langtíamarkmið

Innan 5-10 ára eru lykilmarmkið afrests stefnu BFSÍ að:

#### Almennt:

- Iðkendum í ungmenna flokkum fjölgi um a.m.k. 5% á hverju ári.
- Keppendum á Íslandsmótum fjölgi um a.m.k. 5% á hverju ári.
- Þjóða upp á dómara- og þjálfaranámskeið árlega.
- Halda og/eða komin langt með skipulag s.s. NM, NUM og/eða EM á Íslandi fyrir lok 2029.
- Efla þjónustu heilbrigðisteymis með viðbótum fleiri fagsviða fyrir lok 2028.

#### Afrestsstarf

- ~~BFSÍ eigi a.m.k. 9 keppendur (eða 3 lið) í úrslitum A landsliðsverkefna-EM árlega fyrir lok 2028.~~
- ~~BFSÍ eigi a.m.k. 1 lið í lokakeppni HM fyrir lok 2029.~~
- BFSÍ eigi a.m.k. 4 keppendur meðal 100 efstu á heimsslista fyrir lok 2026.
- BFSÍ eigi a.m.k. 2 keppendur á Evrópuleikum 2027.
- BFSÍ eigi a.m.k. 1 keppanda á Ólympíuleikum 2028.

#### Afrestsstarf ungmenna

- Keppendum á NUM fjölgi um a.m.k. 5% á hverju ári til 2029.
- Keppendum í B landsliðsverkefnum ungmenna (s.s. HM/EM/Evrópubikarmót ungmenna) fjölgi um a.m.k. 5% á hverju ári 2023-2029

Afrests stefna **B**ogfimisambands Íslands (BFSÍ)

- BFSÍ eigi a.m.k. 5 keppendur (eða 3 lið) í verðlaunasættum Evrópubikar ungmenna fyrir lok 2027.
- BFSÍ eigi a.m.k. 3 lið (6 keppendur) í úrslitum EM/HM ungmenna fyrir lok 2029.
- BFSÍ eigi a.m.k. 2 lið í úrslitum HM ungmenna fyrir lok 2029.

**Commented [A17]:** Eitt illmælanlegt markmið fjarlægð.

Ákveðin markmið sameinuð s.s. tengt HM/EM fullorðinna í A landsliðsverkefni.

Bætt við „lok“ árs í þau markmið sem gleymdist að bæta þeim við fyrir þing 2021.

Liða og einstaklings markmið sameinuð, þar sem markmiðið er í raun að ná X fjölda keppanda í t.d. úrslit (hvort sem er það er í liðakeppni eða einstaklingskeppni í samræmi við viðbót í skilgreiningum um að liða árangur er árangur einstaklinga)

Það væri vert að breyta markmiðum í næstu stefnu í tveggja ára eða fjögurra ára „markmiða tímabil“ (þing/HM/EM tímabil eða Ólympíutímabil) í stað þess að þau séu tengd við ákveðin og mismunandi ár. Þá er mögulegt að gera uppgjör/mat á afrakstri hvers tímabils S.s.

„Markmið 2021-2022

Að BFSÍ eigi a.m.k. 4 keppendur í úrslitum A landsliðsverkefna á tímabilinu.

Að BFSÍ ....

Að BFSÍ .....

Þá hefur það ekki vægi á mat á starfinu hvort að slíkt náðist 2021 eða 2022 þar sem verið er að meta samanlagt tímabilið og árangur þess.

Þetta væri m.a. gagnlegt þar sem það eru sveiflur í þátttöku og tækifærum að ná markmiðum þar sem t.d. flest A landsliðsverkefni eru haldin á tveggja eða fjögurra ára fresti. Þá verða mælikvarðar einnig áreiðanlegri þar sem markmið væru tengd samanlögðum árangri á tímabili í stað ár eftir ár. Og tekur betur á mögulegum skellum í starfi sem geta komið upp s.s. tengt force majeure (faraldra, styrjala o.s.frv.)

Þá er einnig hægt að setja í afrests stefnuna stað/tíma/ár þar sem afrakstur markmiða starfsins er metinn (frammistöðumats), og setja það mat í skýrslu stjórnar um afrestsstarf fyrir það þing sem við á.

Gerir einnig auðvelt fyrir t.d. ASJ að sjá hvort markmið sem voru sett voru raunhæf og hvort að þeim var náð, gert betur en eða verr en áætlað var og er hægt að samhæfa við skilgreiningar sérsambanda skýrslu sem er á 2 ára fresti.

Áætlað er að unnið verði að slíkum breytingum markmiða stefnunnar fyrir bogfimiþing 2025